

Nr. 18-181 S 124 Einar Guðnason ÍS 303**Skipverji slasast á auga**

Skipaskr.nr. 2907
Smíðaður: Trefjar, 2015, trefjaplast
Útgerð: Norðureyri ehf.
Stærð: 21,20 bt.
Mesta lengd: 13,52 m *Skráð lengd:* 11,96 m
Breidd: 1,06 m *Dýpt:* 1,96 m
Vél: Doosan, 539 kw, 2015.
Fjöldi skipverja: 4



Einar Guðnason ÍS © Sæmundur Þórðarsson

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 8. apríl 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 2. september 2018 var Einar Guðnason ÍS 303 á línuveiðum á Vestfjarðamiðum. Veður: ANA 6-7 m/s.

Skipverjinn var að beygja sig út fyrir til að gogga fisk við línuspilið þegar krókur á goggnum slitnaði úr fiski með þeim afleiðingum að leggurinn á honum slóst í augað hans. Siglt var með skipverjann til Suðureyrar.

Við rannsókn kom fram:

- að það blæddi inn á augað og það bólgnadi upp;
- að skipverjinn var frá vinnu í tæpar þrjú vikur;
- að eftir slysið hóf skipverjinn að nota öryggisglæraugu við vinnu á goggnum. Að hans sögn væru fleiri farnir að gera slíkt enda hafa orðið nokkur sambærileg slys fyrir vestan.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.

Nefndin vekur sérstaka athygli á þeirri ráðstöfun sem hinn slasaði tók upp í kjölfar slyssins að nota hlífðarglæraugu við vinnu sína við línuspilið. Er það skoðun nefndarinnar að auka þurfi verulega notkun hlífðarglæraugna í ljósi fjölda augnslysa sem orðið hafa meðal sjómanna.